

**Eik fasteignafélag**

Aðalfundardagur: 22. mars 2018

Fundarstaður: Turninum, Smáratorgi, Kópavogi

Dagskrárliður	Tillaga lögð fram af	Með	Hjáseta	Móti	Athugasemd
1 Staðfesting ársreiknings	Stjórn	✓			
2 Ákvörðun um meðferð hagnaðar	Stjórn	✓			
3 Ákvörðun um þóknun til stjórnar	Stjórn	✓			
4 Tillaga um starfskjarastefnu	Stjórn	✓			
5 Tillaga um breytingar á samþykktum	Stjórn	✓			
6 Kosning stjórnar	Stjórn				Sjálfkjörið
7 Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags	Stjórn	✓			
8a Breytingartillaga Gildis á tillögu um tilnefningarnefnd	Gildi	✓			
8b Tillaga Eaton Vance Management um tilnefningarnefnd	Eaton Vance	✓			Samþykkt með breytingum Gildis

Eik fasteignafélag hf.  
Álfheimum 74  
104 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2018

## Ályktunartillaga á aðalfundi Eikar fasteignafélags hf. 2018 vegna umræðu um tilnefningarnefnd


Á dagskrá aðalfundar félagsins, undir liðnum önnur mál, er tilnefningarnefnd til umræðu samkvæmt dagskrá aðalfundarins.

Gildi-lífeyrissjóður telur að það geti verið góður kostur að kanna nánar þann möguleika að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins. Gildi telur af þeim sökum rétt að fela stjórn félagsins undirbúning og nánari útfærslu á fyrirkomulagi tilnefningarnefndar hjá félaginu sem hluthafar taki síðan endanlega afstöðu til. Af þessum sökum er lögð til eftirfarandi ályktunartillaga á aðalfundinum:

„Aðalfundur Eikar fasteignafélags hf. ályktar að fela stjórn félagsins að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Tillaga stjórnar að fyrirkomulagi tilnefningarnefndar hjá félaginu og starfsreglur fyrir hana skal borin undir hluthafafund til samþykktar sem halda skal á árinu 2018. Miða skal við að fulltrúar í tilnefningarnefnd séu kosnir með beinni kosningu á hluthafafundi, nema hluthafafundur samþykki það fyrirkomulag að stjórn skipi einn stjórnarmann í nefndina.“

Verði breytingartillaga þessi samþykkt væri stjórn félagsins unnt að boða til hluthafafundar síðar á þessu ári þar sem gert væri ráð fyrir því að hluthafafundur taki afstöðu til þess á grundvelli nánar útfærðrar tillögu hvort taka skuli upp tilnefningarnefnd hjá félaginu. Yrði slík tillaga samþykkt væri æskilegt að tilurð og vinna tilnefningarnefndar myndi nýtast hluthöfum við stjórnarkjör á aðalfundi félagsins á árinu 2019.

Virðingarfyllst,  
f.h. Gildis-lífeyrissjóðs



Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri